

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2011/EES/52/01		Orðsending stjórnvalda á Íslandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýsing um aðra úthlutunarlotu sérleyfa á íslenska landgrunninu.	1
2011/EES/52/02		Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu frá 1. júlí 2010 sem varðar drög að ákvörðun í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak	4
2011/EES/52/03		Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu frá 12. júlí 2010 sem varðar drög að ákvörðun í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak	5
2011/EES/52/04		Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak.	6
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2011/EES/52/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6223 – Aegon/Banca Civica/Cajaburgos Vida) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	8
2011/EES/52/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6263 – Aelia/Aéroports de Paris/JV)	9
2011/EES/52/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6286 – Südzucker/ED & F Man)	10
2011/EES/52/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6323 – Tech Data Europe/MuM VAD Business).	11

2011/EES/52/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6400 – ECE/Metro/MEC JV)	12
2011/EES/52/10	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer SA.21233 (11/C) (áður NN/11, áður CP 137/06) – Skattareglur sem gilda um tiltekna fjármögnunarleigusamninga, einnig þekktar sem spænskar skattareglur um fjármögnunarleigu – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.	13
2011/EES/52/11	Auglýst eftir tillögum EACEA/29/11 – MEDIA 2007: Hljóð- og myndmiðlahátíðir	14
2011/EES/52/12	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki	16
2011/EES/52/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi	21
2011/EES/52/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki	25

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Orðsending stjórnvalda á Íslandi með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðs- 2011/EES/52/01
ins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita
að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Auglýsing um aðra úthlutunarlotu sérleyfa á íslenska landgrunninu

Orkustofnun auglýsir fyrir hönd Iðnaðarráðuneytisins eftir umsóknum um sérleyfi til leitar og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu milli Íslands og Jan Mayen, í samræmi við ákvæði staflíðar a) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni. Upphafsdagur annarrar úthlutunarlotu fyrir íslenska landgrunnið er 3. október 2011.

Um skipulag úthlutunarlotunnar af hálfu Orkustofnunar og framkvæmd hennar að öðru leyti fer eftir ákvæðum laga nr. 13 frá 13. mars 2001 (Stjórnartíðindi 16. maí 2001) um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, með áorðnum breytingum, auk reglna um veitingu leyfa til leitar að kolvetni (reglna um kolvetnisleit) sem iðnaðarráðuneytið setur í samræmi við ákvæði laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis.

Úthlutun leyfa er í höndum Orkustofnunar. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem vikið er að í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 94/22/EB, koma fram í ofangreindum lögum og reglum.

Auk laga um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis og reglna um kolvetnisleit gilda um viðkomandi hluta svæðisins, sem er í boði, ákvæði samkomulags Norðmanna og Íslendinga frá 22. október 1981 um landgrunnið á svæðinu milli Íslands og Jan Mayen, samnings Norðmanna og Íslendinga um einingarnýtingu kolvetnisauðlinda yfir lögsögumörk frá 3. nóvember 2008 og samkomulags frá sama degi um útfærslu á gagnkvæmri hlutdeild í leyfum samkvæmt 5. og 6. gr. samkomulagsins frá 1981.

Tekið verður við umsóknum um sérleyfi til rannsókna og vinnslu kolvetnis á eftirtöldum leitarsvæðum og hlutum leitarsvæða á Drekasvæðinu:

IS6706/1 (hluti), 4 (hluti), 5 (hluti), 7, 8 (hluti), 10, 11 (hluti), 12 (hluti)
IS6707/1, 2, 3 (hluti), 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6708/1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6709/1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6710/1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6711/2 (hluti), 3, 5 (hluti), 6, 8 (hluti), 9, 11 (hluti), 12
IS6807/4 (hluti), 7 (hluti), 8 (hluti), 10, 11 (hluti), 12 (hluti)
IS6808/1 (hluti), 2 (hluti), 4, 5 (hluti), 6 (hluti), 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6809/1, 2, 3 (hluti), 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6810/1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12
IS6811/2 (hluti), 3, 5 (hluti), 6, 8 (hluti), 9, 11 (hluti), 12
IS6909/10 (hluti), 11 (hluti), 12 (hluti)
IS6910/7 (hluti), 8 (hluti), 9 (hluti), 10, 11, 12 (hluti)
IS6911/8 (hluti), 9 (hluti), 11 (hluti), 12

Umsækjendum er bent á að tilgreina svæði til vara fari svo að samkeppni verði um svæðið sem sótt er um.

Umsóknir um sérleyfi til leitar og vinnslu kolvetnis skulu sendar Orkustofnun:

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Vefsetur: www.nea.is

Sími: +354 – 569 - 6000 / Bréfasími: + 354 – 568-8896.


Nálgast má allar upplýsingar og öll viðkomandi skjöl, m.a. skrár og kort yfir svæðið sem er í boði og leiðarvísi um sérleyfi, skilmála slíkra leyfa og hvernig standa ber að umsóknum, á eftirfarandi vefsetri:

<http://www.nea.is/2nd-licensing-round>

Einnig má leita upplýsinga hjá Orkustofnun, sjá ofangreint pósthfang og símanúmer.

Fyrirhugað er að sérleyfum til leitar og vinnslu á Drekasvæðinu í annarri úthlutunarlotu verði úthlutað fyrir nóvemberlok 2012.

Umsóknarfrestur fyrir aðra úthlutunarlotu á íslenska landgrunninu rennur út 2. apríl 2012.



Norðurhluti Drekasvæðisins á landgrunni Íslands milli Íslands og Jan Mayen. Svæðismörk samkvæmt samkomulagi Íslendinga og Norðmanna frá 1981, sbr. fjórðu málsgrein hér á undan, eru dregin með brotinni grænni línu.

Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu frá 1. júlí 2011/EES/52/02
2010 sem varðar drög að ákvörðun í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak

1. Ráðgjafarnefndin er sammála skilgreiningu Eftirlitsstofnunar EFTA á viðkomandi vörumarkaði.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að landamerki viðkomandi markaðar einkorðist við Noreg.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að Posten Norge hafi haft markaðsráðandi stöðu á viðkomandi markaði.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að Posten Norge hafi misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaðnum með því að:
 - gera og viðhalda samningum við NorgesGruppen/Shell og einstaka afgreiðslustaði innan þeirrar samstæðu þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að samstæðunni og afgreiðslustöðum hennar,
 - gera og viðhalda samningum við COOP og einstaka afgreiðslustaði COOP þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að afgreiðslustöðum þess,
 - gera og viðhalda samningum við ICA og einstaka afgreiðslustaði ICA þar sem Posten Norge fékk einkarétt á aðgangi að afgreiðslustöðum þess, og
 - fylgja stefnu við gerð nýrra samninga sem drógu úr vilja COOP og ICA til að semja og gera samninga við keppinauta Posten Norge um afhendingu pakka frá fyrirtækjum til neytenda, með afhendingu yfir borðið.
5. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að misnotkun Posten Norge geti haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila í skilningi 54. gr. EES-samningsins.
6. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að sekta beri Posten Norge.
7. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar útreikning á sektinni, að brot Posten Norge hafi staðið yfir í 5 ár og 6 mánuði.
8. Ráðgjafarnefndin hyggst leita eftir birtingu þessa álits í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.
9. Ráðgjafarnefndin óskar eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA að hún taki ítrasta tillit til allra atriða sem komu fram í samráðsferlinu.

Álit ráðgjafarnefndar um samkeppnishömlur og markaðsráðandi stöðu frá 12. júlí 2011/EES/52/03
2010 sem varðar drög að ákvörðun í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak

1. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um grunnfjárhæð sektarinnar.
2. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að ekki séu fyrir hendi neinar þyngingarástæður eða málsbætur sem taka beri tillit til.
3. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA að lækka sektarfjárhæðina vegna þess hve langan tíma málsmeðferðin tók.
4. Ráðgjafarnefndin er sammála Eftirlitsstofnun EFTA um lokafjárhæð sektarinnar.
5. Ráðgjafarnefndin hyggst leita eftir birtingu þessa álits í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.
6. Ráðgjafarnefndin óskar eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA að hún taki ítrasta tillit til allra atriða sem komu fram í samráðsferlinu.

Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak**2011/EES/52/04**

Drög að ákvörðun í ofangreindu máli gefa tilefni til eftirtalinnna athugasemda:

Andmælagreinargerð

Eftirlitsstofnun EFTA hóf athugun í málinu þegar Privpak lagði fram kvörtun 24. júní 2002. Eftirlitsstofnunin sendi frá sér andmælagreinargerð á ensku til Posten Norge hinn 17. desember 2008 en stjórnskipuleg meðferð málsins hafði fram að því farið fram á ensku. Eftirlitsstofnunin komst að þeirri niðurstöðu til bráðabirgða að félagið hefði, með háttsemi sinni við gerð einkaréttarsamninga við NorgesGruppen/Shell, Coop og ICA, gerst brotlegt við 54. gr. EES-samningsins.

Posten Norge óskaði eftir því, með bréfi dagsettu 23. desember 2008, að fá norska þýðingu á andmælagreinargerðinni og bað um að meðferð málsins færi eftirleiðis fram á norsku. Eftirlitsstofnunin sendi norska þýðingu andmælagreinargerðarinnar til Posten Norge 6. febrúar 2009. Eftirlitsstofnunin framlengdi enn fremur frestinn til að svara andmælagreinargerðinni frá 1. mars 2009 til 6. apríl 2009.

Hinn 6. apríl 2009 lagði Posten Norge fram svar við andmælagreinargerðinni þar sem niðurstöðum eftirlitsstofnunarinnar var hafnað.

Aðgangur að málsskjölum

Með bréfi Eftirlitsstofnunar EFTA frá 17. desember 2008, þar sem var að finna enska útgáfu andmælagreinargerðarinnar, fylgdu tveir geisladiskar með rafrænum afritum af öllum skjölum eftirlitsstofnunarinnar í máli þessu (innanhúsmálsnúmer 34250), að frátöldum viðskiptaleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum.

Posten Norge óskaði þá eftir því, auk þess að fá aðgang að þessum málsskjölum samkv. 15. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að fá aðgang að bréfaskiptum Privpak og eftirlitsstofnunarinnar eftir að andmælagreinargerðin hafði verið lögð fram. Privpak andmælti birtingu þessara skjala. Í kjölfar bréfaskipta við samkeppnis- og ríkisaðstoðarsvið eftirlitsstofnunarinnar sendi Privpak skýrslufulltrúanum erindi vegna birtingar upplýsinganna í bréfi dagsettu 18. maí 2009. Hinn 4. júní 2009 komst ég að þeirri niðurstöðu að umrædd skjöl væru ekki bundin trúnaði og hafnaði því beiðni Privpak. Hinn 15. júní 2009, eftir að frestur Privpak til að fara með málið fyrir EFTA-dómstólinn var liðinn, voru skjölin send Posten Norge.

Posten Norge hefur ekki haldið því fram að eftirlitsstofnunin hafi ekki virt rétt þess til að flytja mál sitt, hvorki í svari sínu við andmælagreinargerðinni né við munnlega skýrslugjöf.

Munnleg skýrslugjöf

Í svari Posten Norge við andmælagreinargerðinni var óskað eftir munnlegri skýrslugjöf. Munnleg skýrslugjöf fór fram í Brussel 16. júní 2009, að viðstöddum fulltrúum Posten Norge og Privpak. Skýrslugjöfin fór fram á norsku en var þýdd jafnóðum á ensku, að undanskildum stuttum inngrípum af minni hálfu og stuttri yfirlýsingu frá Privpak, sem voru á ensku en þýdd jafnóðum á norsku.

Drög að ákvörðun

Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu í drögum að ákvörðun að Posten Norge hafi brotið samféllt gegn 54. gr. EES-samningsins frá 20. september 2000 til 31. mars 2006 á markaði fyrir pakkasendingar frá fyrirtækjum til neytenda í Noregi, með afhendingu yfir borðið, með því að framfylgja markaðshindrandi stefnu með ívilnandi meðferð við stofnun og rekstur pósthúsa í verslunum. Þetta er í samræmi við bráðabirgðaniðurstöður eftirlitsstofnunarinnar um markaðsmisnotkun sem komu fram í andmælagreinargerðinni, nema þar var litið svo á að brotið hefði byrjað fyrr, þ.e. 30. maí 2000.

Ég tel að drögin að ákvörðun tengist aðeins andmælum sem Posten Norge hefur fengið tækifæri til að segja álit sitt á.

Niðurstaða

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, tel ég að réttur Posten Norge til að flytja mál sitt hafi verið virtur í þessu máli.

Brussel 24. júní 2010.

Ólafur Jóhannes Einarsson

Skýrslufulltrúi í máli nr. 34250 – Posten Norge/Privpak

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2011/EES/52/05

(mál COMP/M.6223 – Aegon/Banca Civica/Cajaburgos Vida)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. september 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Aegon Spanje Holding B.V., sem tilheyrir hollensku samsteypunni Aegon Group, og hið spænska Grupo Banca Cívica, S.A. öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Cajaburgos Vida, Compania de Seguros de Vida, S.A.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aegon Spanje Holding B.V.: framboð og dreifing á váttryggingum og lífeyriskostum á Spáni
 - Grupo Banca Cívica, S.A.: framboð og dreifing á bankaþjónustu, váttryggingum og lífeyriskostum á Spáni
 - Cajaburgos Vida, Compania de Seguros de Vida, S.A.: framboð og dreifing á líftryggingum á Spáni
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 281, 24. september 2011). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6223 – Aegon/Banca Civica/Cajaburgos Vida, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6263 – Aelia/Aéroports de Paris/JV)**

2011/EES/52/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. september 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Aelia, sem er hluti Lagardère-samsteypunnar, og hið franska Aéroports de Paris, sem er í eigu franska ríkisins, öðlast með hlutfjárkaupum, uppsögn leigusamninga á atvinnuhúsnæði og gerð nýrra slíkra samninga í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í franska fyrirtækinu Duty Free Paris og í „tískuvöru- og fylgihlutadeildum“ hins franska Duty Free Associates SAS á flugvöllunum Paris-Charles de Gaulle og Paris-Orly.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Aelia: smásala í tengslum við ferðaþjónustu
 - Aéroports de Paris: endurbætur, rekstur og þróun flugvalla í héraðinu Ile-de-France
 - Duty Free Paris: rekstur smásöluverslana með „tískuvörur og fylgihluti“ í flugstöðvum sem Aéroports de Paris reka
 - Duty Free Associates SAS: rekstur smásöluverslana í fjölda flugstöðva í Frakklandi og stuðningur við smásöluverslanir Aelia-samsteypunnar
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 281, 24. september 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6263 – Aelia/Aéroports de Paris/JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6286 – Südzucker/ED & F Man)**

2011/EES/52/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 19. september 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Südzucker Holding GmbH, sem lýtur yfirráðum hins þýska Südzucker AG Mannheim/Ochsenfurt („Südzucker“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í breska fyrirtækinu ED&F Man Holding Limited („EDFM“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Südzucker: starfar við framleiðslu og markaðssetningu á sykri, aukefnum í matvæli, frystum matvælum, tilbúnum réttum, lífetanóli og ávaxtasöfum, þykkni og blöndum
 - EDFM: viðskiptafélag með hrávöru. Félagið stundar m.a. viðskipti með sykurl, vökvakennar aukaafurðir sykurlframleiðslu, kaffi, hitabeltisólíur og lífelfdsneyti. Félagið veitir einnig þjónustu í tengslum við vöruferlisstjórnun og fjármál
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 281, 24. september 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6286 – Südzucker/ED & F Man, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6323 – Tech Data Europe/MuM VAD Business)

2011/EES/52/08

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. september 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Tech Data Europe GmbH („Tech Data Europe“) öðlast með eignakaupum yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í hlutum þýska fyrirtækisins Mensch und Maschine Software SE og tengdum fyrirtækjum þess („MuM VAD Business“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Tech Data Europe: heildsöluþreifing á rafeindavörum, einkum upplýsingatæknivörum
 - MuM VAD Business: heildsöluþreifing á hugbúnaði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 286, 30. september 2011). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6323 – Tech Data Europe/MuM VAD Business, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.6400 – ECE/Metro/MEC JV)

2011/EES/52/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. september 2011 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið ECE Projektmanagement G.m.b.H. & Co. KG („ECE“), sem lýtur endanlegum yfirráðum Alexanders Otto, og hið þýska Metro Group Asset Management Services („MAMS“), dótturfélag í einkaeigu hins þýska Metro AG („Metro“), öðlast með hlutafjárkaupum í nýstofnuðu, sameiginlegu fyrirtæki í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu MEC Metro-ECE Centermanagement GmbH & Co. KG („MEC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ECE: ráðgjöf og umsýsla að því er varðar kaup, þróun, skipulagningu og byggingu atvinnuhúsnæðis og annars konar fasteigna, svo og umsýsla með leigðum fasteignum og rekstur, yfirráð og sala slíkra eigna
 - MAMS: veitir mikilvæga þjónustu innan fasteignadeildar Metro-samsteypunnar í tengslum við umsýslu, þróun, leigu, byggingu og rekstur fasteigna í eignasafni Metro-samsteypunnar
 - MEC: umsýsla fasteigna á sviði smásölu
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 284, 28. september 2011). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6400 – ECE/Metro/MEC JV, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

Ríkisaðstoð – Spánn**2011/EES/52/10****Málsnúmer SA.21233 (11/C) (áður NN/11, áður CP 137/06) – Skattareglur sem gilda um tiltekna fjármögnunarleigusamninga, einnig þekktar sem spænskar skattareglur um fjármögnunarleigu****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Spáni, með bréfi dagsettu 29. júní 2011, þá ákvörðun sína að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir er einn mánuður frá því að ágríp þetta og eftirfylgjandi bréf birtist í Stjtið. ESB ([C 276, 21.9.2011](#), bls. 5). Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State aid Greffe
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË
Bréfasími: +32 22961242

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Spáni. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Auglýst eftir tillögum EACEA/29/11**2011/EES/52/11****MEDIA 2007: Hljóð- og myndmiðlahátíðir****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007).

Í ofangreindri ákvörðun ráðsins eru m.a. sett eftirtalin markmið:

- að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks,
- að bæta aðgengi almennings í Evrópu og í öðrum heimshlutum að evrópskum hljóð- og myndverkum.

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í, og undir yfirráðum ríkisborgara frá, aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi), auk Sviss og Króatíu.

3. Styrkhæf starfsemi

Þessi fyrirtæki verða að standa að hátíðum með hljóð- og myndefni sem stuðla að ofangreindum markmiðum og þar sem hlutfall evrópskra kvikmynda af heildarframboði er að minnsta kosti 70 af hundraði, og skulu sýndar myndir frá að minnsta kosti 10 ríkjum sem eiga aðild að MEDIA-áætluninni.

Þessi auglýsing eftir tillögum gildir aðeins með tilliti til verkefna sem hefjast á tímabilinu frá 1. maí 2012 til 30. apríl 2013.

4. Viðmið við úthlutun

Gefin verða allt að 100 stig á grundvelli eftirtalinnna viðmiða sem hafa mismunandi vægi eins og hér er greint:

- „Evrópuþáttur“ efnisskrárinnar (15 stig),
- fjölbreytni að því er varðar menningu og upprunaland (20 stig),
- vöndun og nýsköpun efnisins (10 stig),
- áhrif á áhorfendur (30 stig),
- áhrif á kynningu og dreifingu evrópsks hljóð- og myndefnis (15 stig),
- þátttaka kvikmyndagerðarmanna (10 stig).

5. Fjárveiting

Áætluð heildarfjárveiting vegna samfjármögnunar verkefna er 1 600 000 EUR (með fyrirvara um samþykkt fjárlaga Evrópusambandsins fyrir árið 2012).

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar. Hámarksstyrkur er EUR 75 000.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

6. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestir eru sem hér segir:

- 31. október 2011: varðar verkefni sem hefjast á tímabilinu frá 1. maí 2012 til 31. október 2012,
- 30. apríl 2012: varðar verkefni sem hefjast á tímabilinu frá 1. nóvember 2012 til 30. apríl 2013.

Umsóknir skulu sendar framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) á eftirfarandi póstfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency (EACEA)
Unit MEDIA Programme – P8
Call for proposals EACEA/29/11 – Festivals
Mr Constantin DASKALAKIS
BOUR 04/61
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1
1140 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra.

Umsóknir, sem sendar eru með símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

7. Nánari upplýsingar

Leiðarvísi fyrir umsækjendur og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/media>

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.
Um almenn ákvæði og skilmála sjá

http://eacea.ec.europa.eu/about/eacea_documents_register_en.php

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar 2011/EES/52/12
90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk,
ígræðanleg lækningatæki**

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samræmdra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 556-1:2001 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 1. hluti: Kröfur sem gilda um endanlega dauðhreinsuð lækningatæki	31.7.2002	EN 556:1994 + A1:1998 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2002)
	EN 556-1:2001/AC:2006	15.11.2006		
CEN	EN 556-2:2003 Dauðhreinsun lækningatækja – Kröfur sem lækningatæki verða að uppfylla til að þau megi merkja „DAUÐHREINSUÐ“ – 2. hluti: Kröfur sem gilda um smitsæfð lækningatæki	9.8.2007		
CEN	EN 980:2008 Tákn sem fylgja lækningatækjum	23.7.2008	EN 980:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2010)
CEN	EN 1041:2008 Upplýsingar sem framleiðandi lætur fylgja lækningatækjum	19.2.2009	EN 1041:1998 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.8.2011)
CEN	EN ISO 10993-1:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – Hluti 1: Mat og prófun innan gæðastjórnunarkerfis (ISO 10993-1:2009)	2.12.2009	EN ISO 10993-1:2009 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
	EN ISO 10993-1:2009/AC:2010	18.1.2011		
CEN	EN ISO 10993-4:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 4. hluti: Val á prófunar-aðferðum til að rannsaka samvirkni við blóð	2.12.2009	EN ISO 10993-4:2002 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 10993-5:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 5. hluti: Prófanir á frumueitrun (ISO 10993-5:2009)	2.12.2009	EN ISO 10993-5:1999 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.12.2009)
CEN	EN ISO 10993-6:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – Hluti 6: Prófanir á staðbundnum áhrifum eftir ígræðslu (ISO 10993-6:2007)	2.12.2009	EN ISO 10993-6:2007 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 10993-7:2008 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 7. hluti: Etýlonxíðleifar við dauðhreinsun (ISO 10993-7:2008)	7.7.2010		
	EN ISO 10993-7:2008/AC:2009	7.7.2010		
CEN	EN ISO 10993-9:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – Hluti 9: Rammi fyrir greiningu og mælingu á mögulegum niðurbrotsefnum (ISO 10993-9:2009)	2.12.2009	EN ISO 10993-9:2009 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 10993-11:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 11. hluti: Mat á allsherjareituvirkni (ISO 10993-11:2006)	2.12.2009	EN ISO 10993-11:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 10993-12:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 12. hluti: Undirbúningur sýna og viðmiðunarefna (ISO 10993-12:2007)	2.12.2009	EN ISO 10993-12:2007 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 10993-13:2010 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – Hluti 13: Kennsl borin á niðurbrotsefni úr fjölliðum og magn þeirra metið (ISO 10993-13:2010)	18.1.2011	EN ISO 10993-13:2009 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.12.2010)
CEN	EN ISO 10993-16:2010 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – Hluti 16: Hönnun rannsókna á eiturefnaferlum vegna niðurbrotsefna og útskolanlegra efna (ISO 10993-16:2010)	7.7.2010	EN ISO 10993-16:2009 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.8.2010)
CEN	EN ISO 10993-17:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 17. hluti: Ákvörðun leyfilegra marka fyrir útskolanleg efni (ISO 10993-17:2002)	2.12.2009	EN ISO 10993-17:2002 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 10993-18:2009 Líffræðilegt mat á lækningatækjum – 18. hluti: Efnislysing (ISO 10993-18:2005)	2.12.2009	EN ISO 10993-18:2005 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 11135-1:2007 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Etýlenoxíð – Hluti 1: Kröfur varðandi þróun, sannprófun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningartæki (ISO 11135-1:2007)	9.8.2007	EN 550:1994 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.5.2010)
CEN	EN ISO 11137-1:2006 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Geislun – Hluti 1: Kröfur varðandi þróun, sannprófun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningartæki (ISO 11137-1:2006)	7.9.2006	EN 552:1994 Athugasemd 2.1	Liðinn (30.4.2009)
CEN	EN ISO 11137-2:2007 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Geislun – Hluti 2: Ákvörðun dauðhreinsunarskammts (ISO 11137-2:2006)	9.8.2007		
	EN ISO 11137-2:2007/AC:2009	2.12.2009		
CEN	EN ISO 11138-2:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Lífrænar vísar – Hluti 2: Lífrænar vísar fyrir dauðhreinsunarferli með etýlenoxíði (ISO 11138-2:2006)	2.12.2009	EN ISO 11138-2:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 11138-3:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Lífrænar vísar – Hluti 3: Lífrænar vísar fyrir dauðhreinsunarferli með rökum hita (ISO 11138-3:2006)	2.12.2009	EN ISO 11138-3:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 11140-1:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Efnisvísar – 1. hluti: Almennar kröfur (ISO 11140-1:2005)	2.12.2009	EN ISO 11140-1:2005 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 11607-1:2009 Þökkun endanlega dauðhreinsaðra lækningatækja – Hluti 1: Kröfur um efni, dauðhreinsunarskil og þökkunarkerfi (ISO 11607-1:2006)	2.12.2009	EN ISO 11607-1:2006 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 11737-1:2006 Dauðhreinsun lækningatækja – Örverufræðilegar aðferðir – Hluti 1: Ákvörðun á þýði örvera á vöru (ISO 11737-1:2006)	7.9.2006	EN 1174-2:1996 EN 1174-1:1996 EN 1174-3:1996 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.10.2006)
	EN ISO 11737-1:2006/AC:2009	2.12.2009		
CEN	EN ISO 11737-2:2009 Dauðhreinsun lækningatækja – Örverufræðilegar aðferðir – Hluti 2: Dauðhreinsunarprófanir við skilgreiningu, fullgildingu og viðhald á dauðhreinsunarferli (ISO 11737-2:2009)	7.7.2010		

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN ISO 13408-1:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 1: Almennar kröfur (ISO 13408-1:2008)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13408-2:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 2: Siun (ISO 13408-2:2003)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13408-3:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 3: Frostþurrkun (ISO 13408-3:2006)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13408-4:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 4: Tæknilegar aðferðir við hreinsun á staðnum (ISO 13408-4:2005)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13408-5:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 5: Dauðhreinsun á staðnum (ISO 13408-5:2006)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13408-6:2011 Smitgát við meðferð heilbrigðisvöru – Hluti 6: Einangrunarkerfi (ISO 13408-6:2005)	19.8.2011	EN 13824:2004 Athugasemd 2.1	
CEN	EN ISO 13485:2003 Lækningatæki – Gæðastjórnunarkerfi – Kröfur til þess að samræmast reglugerðum (ISO 13485:2003)	2.4.2004	EN ISO 13488:2000 EN ISO 13485:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.7.2009)
	EN ISO 13485:2003/AC:2009	7.7.2010		
CEN	EN ISO 14155-1:2009 Klínísk athugun á lækningatækjum fyrir fólk – 1. hluti: Almennar kröfur (ISO 14155-1:2003)	7.7.2010	EN ISO 14155-1:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 14155-2:2009 Klínísk athugun á lækningatækjum fyrir fólk – 2. hluti: Áætlanir um klínískar athuganir (ISO 14155-2:2003)	7.7.2010	EN ISO 14155-2:2003 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 14937:2009 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Almennar kröfur um lýsingar á eiginleikum dauðhreinsiefnis og þróun, sannprófun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningatæki (ISO 14937:2009)	7.7.2010	EN ISO 14937:2000 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 14971:2009 Lækningatæki – Notkun áhættustýringar í tengslum við lækningatæki (ISO 14971:2007, leiðrétt útgáfa 2007-10-01)	7.7.2010	EN ISO 14971:2007 Athugasemd 2.1	Liðinn (21.3.2010)
CEN	EN ISO 17665-1:2006 Dauðhreinsun heilbrigðisvöru – Rakur hiti – Hluti 1: Kröfur varðandi þróun, sannprófun og almennt eftirlit með dauðhreinsunarferli fyrir lækningatæki (ISO 17665-1:2006)	15.11.2006	EN 554:1994 Athugasemd 2.1	Liðinn (31.8.2009)
CEN	EN 45502-1:1997 Virkið ígræði – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi, merkingar og upplýsingar sem framleiðandi veitir	27.8.1998		
CEN	EN 45502-2-1:2004 Virkið, ígræðanleg lækningatæki – 2-1. hluti: Sérstakar kröfur varðandi virkið, ígræðanleg lækningatæki sem ætlað er að meðhöndla hægslátt [bradyarrhythmia] (hartagangráðar)	24.6.2005		

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjál)	Hefur ekki birst áður í Stjtið. ESB	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 45502-2-3:2010 Virki ígræði – Hluti 2-3: Sérstakar kröfur vegna kuðungsígræða og heilastofnsígræða til að örva heyrn	7.7.2010		
Cenelec	EN 45502-1:1997 (*) Virki ígræði – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi, merkingar og upplýsingar sem framleiðandi veitir	27.8.1998		
Cenelec	EN 45502-2-1:2003 (*) Virki, ígræðanleg lækningatæki – 2-1. hluti: Sérstakar kröfur varðandi virki, ígræðanleg lækningatæki sem ætlað er að meðhöndla hægslátt [bradyarrhythmia] (hjartagangráðar)	8.7.2004		
Cenelec	EN 45502-2-2:2008 (*) Virki ígræði – Hluti 22: Sérstakar kröfur varðandi virki, ígræðanleg lækningatæki sem ætlað er að meðhöndla hraðslátt [tachyarrhythmia] (þ.m.t. ígræðanleg hjartastuðtæki)	27.11.2008		
	EN 45502-2-2:2008/AC:2009	18.1.2011		
Cenelec	EN 45502-2-3:2010 (*) Virki ígræði – Hluti 2-3: Sérstakar kröfur vegna kuðungsígræða og heilastofnsígræða til að örva heyrn	18.1.2011		
Cenelec	EN 60601-1:1990 Rafmagnslækningatæki – 1. hluti: Almennar kröfur um öryggi IEC 60601-1:1988	23.8.1996		
	EN 60601-1:1990/A1:1993 IEC 60601-1:1988/A1:1991	23.8.1996	Athugasemd 3	Liðinn (13.5.2011)
	EN 60601-1:1990/A2:1995 IEC 60601-1:1988/A2:1995 (*)	23.8.1996	Athugasemd 3	Liðinn (13.5.2011)
	EN 60601-1:1990/AC:1994	18.1.2011		
Cenelec	EN 60601-1:2006 Rafmagnslækningatæki – Hluti 1: Almennar kröfur um öryggi og áskilið nothæfi IEC 60601-1:2005 (*)	27.11.2008	EN 60601-1:1990 ásamt breytingum Athugasemd 2.1	1.6.2012
	EN 60601-1:2006/AC:2010	18.1.2011		
Cenelec	EN 60601-1-6:2010 (*) Rafmagnslækningatæki – Hluti 1-6: Almennar kröfur um öryggi og áskilið nothæfi – Viðbótarstaðall: Nothæfi IEC 60601-1-6:2010	18.1.2011		
Cenelec	EN 62304:2006 (*) Hugbúnaður í lækningatæki – Lífímaferlar hugbúnaðar IEC 62304:2006	27.11.2008		
	EN 62304:2006/AC:2008	18.1.2011		

⁽¹⁾ CEN: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25500811, bréfasími +32 25500819 (<http://www.cen.eu>)

CENELEC: Avenue Marnix 17, B-1000 Bruxelles/Brussel, BELGIUM, sími +32 25196871, bréfasími +32 25196919 (<http://www.cenelec.eu>)

ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, FRANCE, sími +33 492944200, bréfasími +33 493654716 (<http://www.etsi.eu>)

(*) Þessi Evrópuastaðall uppfyllir ekki endilega kröfur innleiddar með tilskipun 2007/47/EB

- Athugasemd 1: Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (date of withdrawal eða „dow“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.
- Athugasemd 2.1: Nýi (eða breytti) staðallinn hefur sama gildissvið og sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.
- Athugasemd 2.2: Nýi staðallinn hefur rýmra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.
- Athugasemd 2.3: Nýi staðallinn hefur þrengra gildissvið en sá sem leystur er af hólmi. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi (að hluta), að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar að því er varðar vörur sem falla undir gildissvið nýja staðalsins. Ætlað samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar gildir óbreytt að því er varðar vörur sem falla áfram undir gildissvið staðalsins sem leystur er af hólmi (að hluta) en ekki undir gildissvið nýja staðalsins.
- Athugasemd 3: Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Evrópsk staðlasamtök gefa samhæfða staðla út á ensku (Staðlasamtök Evrópu, CEN, og Rafstaðlasamtök Evrópu, CENELEC, gefa staðla sína einnig út á frönsku og þýsku). Heiti samhæfðra staðla eru síðan þýdd á öll önnur tilskilin opinber tungumál Evrópska efnahagssvæðisins og fer þýðingin fram á vegum staðlastofnunar hvers lands. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og EFTA-skrifstofan ábyrgjast ekki að staðlaheiti, sem borist hafa til birtingar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða EES-viðbæti við þau, séu rétt.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.
- Nánari upplýsingar um samræmda staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:
http://ec.europa.eu/enterprise/policies/european-standards/harmonised-standards/index_en.htm

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

